



Hafnarfjarðarbær
Haraldur Líndal Haraldsson
Strandgötu 6
220 HAFNARFIRÐI

MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 18. maí 2015
Tilv.: MMR15040217/5.2-

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu barst erindi frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar dags. 4. maí 2015 þar sem óskað er eftir svörum við spurningum er snerta sameiningu Iðnskólans í Hafnarfirði og Tækniskólans ehf.

1. **Óskað er eftir upplýsingum um hvernig yfirvöld hyggjast standa að boðaðri sameiningu skólanna.**

a. *Með hvaða hætti er áætlað að tryggja áframhaldandi starfsemi í Hafnarfirði?*

Svar: Tækniskólinn mun reka áfram skóla í Hafnarfirði í núverandi húsnæði Iðnskólans í Hafnarfirði og öðrum þeim húsum sem hann hefur til afnota.

b. *Hvaða námsgreinar er fyrirhugað að kenna í Hafnarfirði?*

Svar: Fyrst um sinn verður námsframboð Tækniskólans í Hafnarfirði að mestu óbreytt en síðan verður skoðað í samráði stjórnenda, starfsfólks og annarra er málið varðar með hvaða hætti námi verði best fyrirkomið. Mögulegt er að nám flytjist frá Hafnarfirði til Reykjavíkur og að nám flytjist frá Reykjavík til Hafnarfjarðar.

c. *Með hvaða hætti er fyrirhugað að tryggja starfsmönnum Iðnskólans í Hafnarfirði áframhaldandi störf?*

Svar: Tækniskólinn mun bjóða föstum starfsmönnum Iðnskólans í Hafnarfirði störf við Tækniskólann og tryggja eins og kostur er að öll starfstengd réttindi haldast óbreytt og flytjist með.

d. *Eru áform um að skólagjöld hækki frá því sem nú er í Iðnskólanum í Hafnarfirði?*

Svar: Nei. Tækniskólinn mun verða með sömu skólagjöld í Reykjavík og Hafnarfirði sem eru

í samræmi við það sem gerist í öðrum framhaldsskólum.

- e. *Er áætlað að sameinaður skóli komi til móts við nemendur hvað aukinn ferðakostnað varðar?*

Svar: Gert er ráð fyrir því að nemendur stundi nám sem mest á einni staðsetningu. Komi hins vegar til að nemendur sækji nám á tveim stöðum vegna sérhæfingar náms þá verði stundarskrár þeirra sem mest þannig að nemendur hefji vinnudag á tilteknum stað og fari ekki á milli kennslustunda á milli staða. Ekki er gert ráð fyrir að nemendum verði greiddur ferðakostnaður enda koma nemendur í dag sem eru í Tækniskólanum og í Iðnskólanum í Hafnarfirði víðsvegar að bæði af höfuðborgarsvæðinu og frá nágrennanabyggðum. Lögheimili nemenda Iðnskólans í Hafnarfirði vorið 2015 eru sem hér segir:

Hafnarfjörður = 200 nemendur

Kópavogur og Reykjavík = 130 nemendur

Garðabær og Álftanes = 50 nemendur

Önnur sveitarfélög = 80 nemendur

2. **Óskað er eftir nánari sundurliðun á því í hverju hagræðingin af sameiningu myndi felast.**

- a. *Hver er áætlaður sparnaður ríkisins?*

Svar: Hagræðingin felur í sér sparnað innan skólanna og þar af leiðandi betri nýtingu fjármagns þeirra til að efla starfsnám. Ríkið hefur því ekki beinan sparnað af sameiningunni þar sem framlög til rekstrar reiknast út frá nemendaígildum.

- b. *Hver er áætluð hagræðing sameinaðs skóla?*

Svar: Áætlað er að fjárhagslegt hagræði sameiningarinnar geti numið 100-150 mkr. árlega sem er fjármagn sem sameinaður skóli fær notið til uppbyggingar innra starfs og sóknar í starfsnámi.

- c. *Er ætlunin að tryggja að mögulegt fjárhagslegt svigrúm sem skapa á vegna hagræðingar verði nýtt til eflingar iðnnáms, í Hafnarfirði sem og annars staðar?*

Svar: Já, sjá svar við fyrri spurningum.

3. **Óskað er eftir upplýsingum um hvernig tryggt sé að iðnnám haldist og eflist í Hafnarfirði og hvort ríkið muni gera það að skilyrði í boðuðum samningi um samruna.**

Svar: Helstu rökin fyrir því að iðnnám haldist og eflist í Hafnarfirði er að sameinaður skóli getur boðið nemendum sínum mun breiðara úrval námsgreina og tækifæri til að hefja grunnám í heimabyggð. Það mun koma fram í þjónustusamningi við Tækniskólann að skólahald verður í Hafnarfirði.

4. **Óskað er eftir nánari skýringu á hvernig þessi sameining, ef af verður, hjálpar til við að fjölga nemendum í iðngreinum, jafnt í Hafnarfirði sem og annars staðar á landinu.**

Svar: Sameiningin sem slík tryggir ekki fjölgun nemenda í iðnnám en stærri sameinaður skóli hefur meiri möguleika á að laða til sín nemendur í víðara framboð náms með meiri sýnileika og öflugri kynningum en hvor skóli fyrir sig. Betri nýting fjármagns mun einnig gefa sóknarfæri.

5. Óskað er eftir upplýsingum um hvort skoðun hafi verið gerð á annarri mögulegrri skörun og samnýtingu skóla, t.d. við Flensborgarskóla í Hafnarfirði.

Svar: Ekki hefur verið gerð sérstök könnun á fýsileika sameiningar Iðnskólans í Hafnarfirði við aðra skóla. Vegna þess hversu gerólíkir Iðnskólinn í Hafnarfirði og Flensborgarskólinn eru hvað varðar nemendasamsetningu, námsframboð og húsnæði þá er einsýnt að sú sameining feli ekki í sér samlegðaráhrif. Skólarnir reyndu nýlega að reka námsbraut saman en það verkefni gekk ekki upp.

6. Óskað er eftir upplýsingum um hvort þessi aðgerð sé liður í stærri áætlun um eflingu iðnnáms á Íslandi og þá með hvaða hætti. Hvaða aðrar aðgerðir eru í gangi af hálfu stjórnvalda til að ná því marki að efla iðnnám í landinu?

Svar: Hvítbók um umbætur í menntun tekur á þessum málum og í tengslum við markmiðin þar hefur verið starfandi verkefnishópur sem hefur unnið að aðgerðaáætlun um eflingu starfsnáms.

7. Óskað er upplýsinga um skipan í starfshóp ráðherra sem fjallaði um sameiningu skólanna:

a. *Var óskað tilnefninga m.a. frá Hafnarfjarðarbæ eða skipaði ráðherra fulltrúa í hópinn án tilnefninga?*

Svar: Verkefnishópurinn var skipaður án tilnefningar. Samsetning hópsins tók mið af því að í honum sætu fulltrúar beggja skóla sem gerst þekkja til starfsins. Auk þess starfaði með hópnum gæðastjóri mennta- og menningarmálaráðuneytis.

b. *Hvernig var samráði að öðru leyti við sveitarfélagið háttað*

Svar: Bæjarstjórn var upplýst um gang mála á þann hátt sem hér segir:

20. mars 2015. Bæjarstjóri upplýstur um málið og að nýskipaður verkefnishópur um fýsileika sameiningar Iðnskólans í Hafnarfirði og Tækniskólans hafi haldið sinn fyrsta fund þá um morguninn.

Ráðuneytið býðst til að koma á fund bæjarstjórnar og upplýsa nánar um málið sé þess óskað

24. mars 2015. Bæjarstjóri óskar eftir í tölvupósti að fá nánari upplýsingar um málið sent til sín í tölvupósti

25. mars 2015. Ráðuneytið sendir upplýsingar til bæjarstjóra í tölvupósti og ítrekar vilja til að koma á fund bæjarstjórnar og upplýsa nánar um málið

26. mars 2015. Óskað er eftir því að fulltrúi ráðuneytisins komi á fund bæjarráðs þann 13. apríl til að upplýsa um gang mála.

26. mars 2015. Ráðuneytið staðfestir komu á bæjarráðsfundinn.

13. apríl 2015. Ársæll Guðmundsson, verkefnisstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu

(skipaður skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði) kemur á fund bæjarráðs og upplýsir um gang mála og situr fyrir svörum.

24. apríl 2015. Ráðuneytið upplýsir bærarstjóra um að ákvörðun um sameiningu skólanna hafi verið tekin.

27. apríl 2015. Ráðuneytið sendir skýrslu verkefnishóps um fýsileika sameiningar Iðnskólans í Hafnarfirði og Tækniskólans til bærarstjóra í tölvupósti.

5. maí 2015. Fundur fulltrúa úr bærarstjórn Hafnarfjarðar og bærarstjóra með Illuga Gunnarssyni, mennta- og menningarmálaráðherra og starfsfólki ráðuneytisins um sameiningu skólanna.

Fyrir hönd ráðherra


Karitas H. Gunnarsdóttir


Ársæll Guðmundsson